



# SGK1A05 - Kvikmyndasaga

Námsáætlun, vorönn 2021

**Kennari/kennarar:**

Guðrún Ragnarsdóttir  
Nökkvi Jarl Bjarnason

**Netfang/netföng:**

[guðrun.ragnarsdottir@borgo.is](mailto:guðrun.ragnarsdottir@borgo.is)  
[nokkvi.bjarnason@borgo.is](mailto:nokkvi.bjarnason@borgo.is)

**Lýsing:**

Í áfanganum kynnast nemendur sögu kvikmynda ásamt því að horfa á valdar myndir sem tengjast mikilvægum straumhvörfum í kvikmyndasögunni. Nemendur fá þjálfun í að velta fyrir sér kvikmyndafræðilegum álitamálum og fá innsýn inn í það hvernig staðið er að kvikmyndagreiningu og rýni.

**Þekking, leikni, hæfni:**

Nemendur læra að greina kvikmyndir og öðlast þekkingu og skilning á:

- upphafi og þróun kvikmyndagerðar til okkar tíma.
- helstu stefnum og straumum í kvikmyndasögunni.
- ólíkum aðferðum í kvikmyndagerð tengdum tímabilum.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita sér upplýsinga um upphaf og þróun kvikmyndagerðar með rýni í kvikmyndir ásamt lestri bóka og notkun upplýsingaveita.
- greina á milli ólíkra stefna, strauma og stíla í þeim lykillvikmyndum sem skoðaðar verða.
- Vinna með öðrum nemendum að greiningu kvikmynda og miðla henni munnlega og sjónrænt.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa kvikmyndir út frá tímabilum, tíðaranda og umhverfinu sem þær eru sprottnar úr. geta tekið þátt í og stofnað til samræðu um kvikmyndafræðileg álitamál.

**Námsmat:**

Dagbækur 50%  
Kynning 20%  
Próf úr kvikmyndasögu 30%

**Námsgögn:**

Arnar Elísson, *Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla*, Reykjavík: 2017. (Bókin verður gerð aðgengileg á Innunni en nemendur geta einnig nálgast hana þeim að kostnaðarlausu á slóðinni: <https://kvikmyndamidstod.eplika.is/media/skjol/Kvikmyndafrædi-fyrir-framhaldsskola-lowres.pdf>.)

Þær kvikmyndir sem liggja fyrir verða sýndar í tímum. Missi nemandi af kvikmyndasýningu þarf sá hinn sami að verða sér út um eintak af myndinni með öðrum leiðum.



**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

- *Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að afla sér upplýsinga um námsefni og verkefni sem unnin eru í tímum sem þeir missa af. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefist telst hann fjarverandi í tímanum.*
- *Úrlausnir verða að geta talist verk nemenda að öllu leyti. Sé texti tekinn annars staðar frá og villt fyrir um uppruna hans telst verkefni ógilt, sama hvort um sé að ræða gáleysi nemanda eða einbeittan brotavilja.*
- *Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um mögulegar breytingar á kvikmyndavali.*
- *10 bestu dagbækurnar gilda.*



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	<b>Kynning á áfanganum (Hvað er kvikmyndafræði?)</b>	
2	11.-15. jan.	<b>Árbióið (Upphaf kvikmyndarinnar)</b> <i>Ferðin til tunglsins (La voyage dans la lune/Trip to the Moon, 1902, Georges Méliès, 13 mín).</i> <i>The Great Train Robbery (1903, Edwin S. Porter, 11 mín).</i> <i>Rescued by Rover (1905, Cecil Hepworth, 7 mín).</i> <i>A Corner in Wheat (1909, D.W. Griffith, 14 mín).</i> <i>Suspense (1913, Lois Weber &amp; Phillips Smalley, 10 mín).</i>	
3	18.-22. jan	<b>Þýski expressjónisminn</b> <i>Klefi dr. Caligaris (Das Cabinet des Dr. Caligari/The Cabinet of Dr. Caligari, 1920, Robert Wiene, 83 mín).</i>	Dabók (5%)
4	25.-29. jan.	<b>Sovéska myndfléttan</b> <i>Verkfall (Stachka /Strike!, 1925, Sergei Eisenstein, 95 mín)</i>	Dabók (5%)
5	1.-5. feb.	<b>Áróðursmyndir</b> <i>Sigur viljans (1935, Triumph des Willens/Triumph of the Will, Leni Riefenstahl, 110 mín)</i>	Dabók (5%)
6	8.-12. feb.	<b>Ítalska nýraunsæið</b> <i>Hjólaþjófarnir (Ladri di biciclette/Bicycle Thieves, Vittorio De Sica, 1948)</i>	Skóhlífadagar/ Dabók (5%)
7	15.-19. feb.	<b>Rökkurmyndir (e. film noir)</b> <i>M (1931, Fritz Lang, 118 mín).</i>	Varða I / Dabók (5%)
8	23.-26. feb.	<b>Franska nýbylgjan</b> <i>Höggin fjögurhundruð (Les Quatre Cents Coups/The 400 Blows, François Truffaut, 99 mín)</i>	Vorhlé / Dabók (5%)
9	1.-5. mars	<b>Japanskar kvikmyndir</b> <i>Rashomon (Akira Kurosawa, 1950, 88 mín)</i>	Dabók (5%)
10	8.-12. mars	<b>Japanskar kvikmyndir 2</b> <i>Tokyo saga (Tokyo monogatari/Tokyo story, Yasujiro Ozu, 1950, 136 mín)</i>	Dabók (5%)
11	15.-19. mars	<b>Ameríska nýbylgjan</b> <i>Bonnie and Clyde (Arthur Penn, 1967, 112 mín)</i>	Dabók (5%)
12	22.-26. mars	<b>Heimildarmyndir og framúrstefnubió</b> <i>Maðurinn með kvikmyndavélina (Chelovek s kino-apparatom/Man with a Movie Camera, Dziga Vertov, 1929, 68 mín)</i>	Varða II / Dabók (5%)
13	29.mars- 5. apríl	Páskaleyfi	
14	6.-9. apríl	<b>Vinnuvika vegna kynninga</b>	Dabók (5%)
15	12.-16. apríl	<b>Nemendakynningar</b>	Kynningar 20%
16	19.-23. apríl	<b>Íslenskar kvikmyndir (Íslenska kvikmyndavorið)</b> Mynd tilkynnt síðar	
17	26.-30. apríl	<b>Feminísk kvikmyndafræði</b> <i>Haywire (Steven Soderbergh, 2011, 93 mín)</i>	Dabók (5%)
18	3.-7. maí	<b>Kvikmyndasögupróf</b>	Dabók (5%) /Próf 30%
19	10.-14. maí	<b>Einkunnaskil og uppsóp</b>	Kennslu lýkur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.